

122 dórsstöðum í Þingeyjarsýslu allt að 2500 kr. lán úr viðlagasjóði gegn fullu veði og vöxtum og afborgun í 10 ár, til að fullkomna ullarvinnuvjelar sínar. Í sambandi við þetta hafið þjer látið í ljósi, að eptir yðar ætlun væri eigi næg ástæða til að taka þessa ályktun til greina, þarsem eigi væri hægt að veita slíkt lán úr viðlagasjóði nema með því að taka af fje því, sem búið er að koma í ríkisskuldabryf, en neðri deild þingsins hefði fellt uppástungu um þessa fjárveitingu í fjárlögnum og sama manni aptur á móti verið veittur 500 kr. styrkur með fjárlögnum.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjá líða þjónustusamlega að skýra yður frá, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn af ástæðum þeim, sem þjer, herra landshöfðingi, hafið tekið fram, er yður samdóma um, að eigi skuli taka til greina þessa ályktun, sem samþykkt var í efri deild alþingis.

123 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um heimild til að veita sýslufjelögum hallærislán. — Í þóknanlegu brjefi 24. sept. p. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, um leið og þjer skýrið frá, að ástandið á Íslandi sje enn víða mjög ískeygglegt og einkum hættulegt í ýmsum sjóplássum, farið þess á leit, að heimild sú, til að veita sýslufjelögum lán úr landssjóði til að afstýra hallæri, sem yður var veitt með ráðgjafabrjefi 28. sept. 1883, verði framlengd þannig, að hún gildi einnig eptir lok yfirstandandi fjárhagstímabils.

Í tilefni af þessu, er yður, herra landshöfðingi, hjermeð þjónustusamlega veitt heimild til að veita sýslunefndum á fjárhagstímabilinu 18^{86/87} lán þau úr landssjóði, sem kynnu að virðast óhjákvæmilega nauðsynleg til þess að afstýra hallæri, gegn því að vextir og afborganir af lánunum greiðist á þann hátt, sem alþingi ákveður.

124 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja útaf þingsályktun viðvikjandi lánnum til þilskipakaupa. — Með þóknanlegu brjefi 27. ágúst p. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á seinasta alþingi, þar sem skorað er á stjórnina, að hún láti þá, sem kaupa vilja þilskip til fiskiveiða, sitja fyrir öðrum að fá lán úr landssjóði með venjulegum kjörum, þó svo, að eigi sje lánað til kaupa hvers skips meira en 4500 kr. og að upphæðin af öllum þessum lánnum fari eigi fram úr 100,000 kr., og ennfremur að selt verði það, sem með þarf til að fullnægja þessu, af innskriftarskírteinaupphæð viðlagasjóðsins. Auk þess hafið þjer látið í ljósi, að það sje álit manna, að aukinn þilskipaútvægur hafi mikla þýðingu fyrir eflingu á velmegun landsins, og þess vegna mælt með því, að þessi áskorun frá þinginu verði tekin til greina, um leið og þjer þó hafið tekið fram, að eptir því sem fjárhagur landssjóðsins standi muni líklega verða nauðsynlegt að taka allt fje til þessara lána af innskriftarskírteininum.

Sömu leiðis hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 25. sept. p. á., látið í ljósi skoðun yðar um ákvörðun þá, sem alþingi skaut inn í endann á fjárlögnum fyrir 18^{86/87}, en með henni veitist stjórninni heimild til að verja allt að 150,000 kr. af innskriftarskírteinaupphæð viðlagasjóðs til að lána sýslufjelögum og bæjarstjórnnum til þess að útvega mönnum atvinnu við gagnleg fyrirtæki, og um leið hafið þjer tekið það fram, að eigi verði mögulegt að neyta heimildar þessarar að öllu leyti, þar sem mjög muni verða farið að ganga á innskriftarskírteini viðlagasjóðs, þegar búið sje að greiða af hendi